

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 16.11.2023	Kl. 13:15	Staður: Gullhamrar
Fundarboðari: JÞ	Fundarritari: EHJS	Teams

Dagskrá:

1. Fundur settur - Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis
2. Þriðja vaktin - Þorsteinn V. Einarsson kynjafræðingur og Hulda Tölgyes sálfræðingur
3. Ákvörðun um starfsnefndir og kosning fulltrúa í þær Kaffihlé
4. Palestínuátökin – hörmungarsagan endalausa? - Magnea Marinósdóttir alþjóðastjórn málafræðingur sem hefur starfað í Palestínu og Ísrael í 4 ár.
5. Stofnun ársins

1. Fundur settur:

Þórarinn setti fundinn. Hann bauð alla velkomna bæði raunheimum og netheimum. Enn fremur bauð hann gesti fundarins velkomna.

Áður en auglýst dagsrá hófst fjallaði Þórarinn um ástandið í Grindavík og náttúruhamfarirnar þar. Það hefur verið sent út ákall um að allir sem geti lagt hönd á plóg bjóði fram krafta sína. Framkvæmdasýsla ríkisins er að kortleggja þörfina og hefur Sameyki boðið fram þær orlofsíbúðir sínar sem eru lausar. Við munum öll leggjast á árarnar og gera það sem við getum ásamt öðrum stéttarfélagunum og ríkisstofnunum til að aðstoða heimililausa Grindvíkinga.

Næsta hrina kjarasamninga er að fara í gang. Fyrstu samningar verða lausri um áramót og svo stóra holskeflan 1. apríl 2024. Við munum skrifa undir síðustu samningana fyrir síðasta tímabil á næstu dögum en það er við Félagsbústaði.

Kjaradeildin er loksins orðin fullmönnuð. Hildigunnur Guðmundsdóttir kemur frá FIT og kallaði Þórarinn hana upp á svið til kynningar um leið og hann bauð hana velkomna í góðan hóp starfsmanna skrifstofu Sameykis.

2. Þriðja vaktin:

Þorsteinn og Hulda kynntu sig til leiks. Þau eru hjón en fundu ekki upp þriðju vaktina, en verið er að aðlaga þriðju vaktina að íslensku samfélagi. Þegar þau höfðu kynnt sér málið sáu þau og upplifðu verkaskiptingu í eign lífi. Eru nú búin að skrifa bók um þriðju vaktina.

En hverjar eru þessar vaktir?

➤ Fyrsta vaktin:

- launað starf utan heimilis. Starfið sem er skilgreint og skapar innkomu á heimilið.

➤ Önnur vaktin:

- framkvæmdir og aðgerðir heima eða tengt heimilinu, s.s. þrif, matreiðsla, innkaup, keyra börn til læknis, versla í matinn o.fl. þ.h. Karlar eru álitnir mjög duglegir ef þeir taka aðra vaktina.

➤ **Þriðja vaktin:**

- Hugræn, ólaunuð, tilfinningaleg og oftast ósýnileg ábyrgð á því sem viðkemur heimili, fjölskyldu, ástvinum og vinnustað. Verkefni annarrar og þriðju vaktar eru t.d. að kaupa kuldagalla á barn. Á annarri vaktinni kemur í ljós að barnið vantar nýjan útigalla, það er vaxið upp úr gamla gallanum. Á þriðju vaktinni fer fram úrvinnsla um hvenær er þörf fyrir að kaupa nýjan galla, í hvaða stærð og hvers konar galla þarf að kaupa, hvar fæst hann og hvað kostar hann o.s.frv. Höfum við efni á honum eða þurfum við að finna einhvern annan ódýrari? Finna út og kaupa afmælisgjafir, tækifærisgjafir og jólagjafir o.fl.

Afleiðingar þriðju vaktarinnar eru streita og örmögnun.

- Mikil streita að þurfa að halda öllum boltunum á lofti, oftar konur en karlar sem lenda í kulnun vegna þriðju vaktarinnar. Konur ekki með verra taugakerfi en karlar, en þær taka mun oftar þriðju vaktina, jafnvel fyrir barnsfeður sína þótt þau séu skilin
- 70% þeirra sem eru í meðferð hjá Virk vegna kulnunar eru konur.
- Konur eru frekar í hlutastörfum og eru með lægri laun en karlar. Karlar nefna aðrar ástæður en konur fyrir því að vera í hlutastörfum. Konur hafa minni frítími en karlar. Þeirra frítími er frekar „mengaður“ þar sem þeirra frítími blandast við heimilisstörf og barnastúss.
- Ágreiningur um hlutverk og þátttöku þriðju vaktarinnar of ástæða skilnaðar.

Hindranir:

- Ýmsar hindranir sem koma í veg fyrir að við gerum eitthvað í þessu. Velta má upp spurningum eins og hvað með álagið á karla sem sjá um bílinn og garðinn og grillið? Staðreyndin er að lang oftast eru það tilfallandi lítið aðkallandi verkefni sem falla á karla en öll önnur verkefni falla á konurnar. Karlar sigla ekki í kulnun og örmögnun af því að þeir eru að sjá um þakkantinn og bílinn!
- Er ekki bara of mikil streita almennt í samfélaginu? Jú það má alveg leiða líkum að því, en það breytir ekki því að konur eru undir of mikilli streitu af því að þær eru að bera mun meiri ábyrgð en karlar.
- „Hann Brynjar minn er samt voðalega duglegar að hjálpa mér heima við“ Skýrsla frá OECD sýnir að danskir karlar eru hvað duglegastir við að hjálpa konunum sínum heima. Aldeir myndi koma fram í neinni skýrslu að konur séu duglegar að hjálpa til heima fyrir.
- Lausnir og alls ekki lausnir.

Lausnir sem við grípum til af því að við teljum oft að það séu lausnir, en eru alls ekki lausnir vandamála. Það er ekki lausn ef karl ætlar að græja hlutina í hveli og biður konuna sína að gera lista yfir ókláruð verkefni. Hann rýkur í verkefni og klárar þau og er þar með laus allra mála, en eftir 2 vikur allt komið í sama farið. Hann er búinn að gera konuna sína að verkstjóra og gera hana ábyrga fyrir því að verkefni séu gerð.

Við þurfum að hætta að gera konur ábyrgar. Hættum að stinga snuði upp í karla. Hættum að segja við karla sem finnst þessi umræða óþægileg: auðvitað ert þú ekki svona.

Þetta er rótgróið samfélagslegt vandamál. Þurfum að hlusta á konur og sjá heildarmyndina. Karlar græða hvað mest á alvöru jafnrétti. Sjáum alvarleikann í misréttinu en það sem þarf að gera er að ryðja misréttinu úr vegi.

Rannsóknir sýna að það ríkir meira jafnræði hjá samkynja pörum þar sem það er meira jafnvægi milli þeirra og jafnvel vitund um að vera ekki eins og gangkynhneigð pör.

Það er sama á hvaða aldursskeiði konur eru þær standa frekar þriðju vaktina, verkefni breytast bara eftir aldursskeiðum – fara frá því að sinna börnum í að sinna öldruðum foreldrum o.s.frv. Ekki til þó samanburðarrannsóknir vaðandi aldurshópa.

Umræður og spurningar

3. Ákvörðun um starfsnefndir og kosning fulltrúa í þær:

Þórarinn fór yfir fastanefndir Sameykis 2021-2023 og hlutverk þeirra. Markmiðin eru háleit og mikilvæg en skv. 26. grein Sameykis: „Trúnaðarmannaráð skal ákveða hvaða fastanefndir skulu starfa, setja þeim reglur og kjósa í þær. Trúnaðarmannaráð getur einnig stofnað aðrar nefndir eða vinnuhópa innan félagsins í kringum sérstök verkefni.“

Nefndir síðasta tímabils:

- Menningar og viðburðanefnd
- Framtíðarvinnumarkaðsnefnd
- Heilbrigðis- og velferðarnefnd
- Jafnréttisnefnd
- Kjara- og starfsumhverfisnefnd
- Umhverfis- og loftlagsnefnd

Þórarinn kallar eftir fólki í nefndirnar. Hann leggur til að halda áfram störfum þessara nefnda og kallar eftir því hverjir vilja og geta tekið þátt í störfum þessara nefnda. Hvernig eru störf nefndanna ákveðin? Nefndirnar stýra starfi sínu svölítið sjálfar.

Þórarinn leggur til að verkefni og mönnun nefndanna verði færð inn á skrifstofu Sameykis og er það samþykkt. Eigum við að taka verkefnið inn á skrifstofuna og keyra það þaðan? Athygli er vakin á því að það eru ekki bara trúnaðarmenn sem starfa í nefndunum. Trúnaðarmenn hvattir til að fá almenna félagsmenn til að gefa kost á sér í nefndarstörf

Umræður og spurningar.

Kaffihlé.

4. Palestínuátökin – hörmungarsagan endalausea?

Magnea byrjaði á að kynna sig og aðkomu sína að svæðunum fyrir botni Miðjarðarhafs og störf sín á Gaza.

Er saga Gaza sagan endalausea? Hún einkennist af vopnuðum átökum og vopnuðum friði.

Magnea rakti sögu svæðisins á Vesturbakka Gaza og sögu Ísraels og Palestínu á svæðinu og sýndi myndir frá störfum sínum og veru á svæðinu.

5. Stofnun ársins:

Könnunin fyrir Stofnun ársins verður í gangi fram að mánaðarmótum. Þórarinn bað trúnaðarmenn um að hvetja alla félagsmenn til að taka þátt í könnuninni. Niðurstöður hennar eru mjög mikilvægar fyrir okkur. Niðurstöður verða kynntar á hátíð 15. febrúar nk.

6. Önnur mál:

- Gerð er athugasemd við efni fundarins. Kvartað er um að ekki séu málefni félagsmanna eða komandi kjarasamninga á dagskrá. Málefni fyrir botni Miðjarðarhafs eru alveg virkt efni en það væri nær að fjalla um málefni félagsmanna. Nefnd sem dæmi staða vaktavinnuhópa þar sem vinnustyttingin hefur ekki tekist sem skyldi.
 - i. Þórarinn sammála því en benti á að umræður um málefni félagsmanna væru oftast á dagskrá þótt það hafi ekki verið nú. Hann útskýrði jafnframt að við sem aðilar að alþjóðasamfélaginu þyrftum að vera vel upplýst um að það sem er að gerast í heiminum.

- ii. Vinna við undirbúning komandi kjarasamninga og þar á meðal vaktavinnuhópana er í fullum gangi. Eigum áherslupunkta félagsmanna frá morgunverðar- og hádegisfundum síðasta árs til að vinna með fyrir þessa samninga auk þess sem það hafa verið í gangi morgunverðar- og hádegisverðarfundir um allt land í allt haust og eru á dagskrá fram yfir áramótin.
- Kallað er eftir samstarfshópum til að hafa vettvang til að ræða málefni starfsmanna sambýla Reykjavíkurborgar, þ.e. innan velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Staðan er orðin þannig að í mörgum íbúðarkjörnum er bara einn starfsmaður að störfum í einu og því vantar sárlega vettvang fyrir fólk að hittast og ræða um sín kjör og starfsaðstöðu.
 - i. Þórarinn sagði frá því að fyrir nokkrum árum hefði verið reynt að koma á slíkum samstarfshópum hjá starfsmönnum velferðarsviðs Reykjavíkur, en hún lognaðist út af. Er ekki orðið tímabært að endurvekja slíka samstarfshópa?
 - ii. Þórarinn sagði einnig frá þeirri hugmynd að koma á fót stöðu aðaltrúnaðarmanns fyrir hópa innan Reykjavíkurborgar. Sú staða þyrfti jafnvel að vera heilt stöðugildi án þess að viðkomandi væri í öðrum störfum samhliða störfum trúnaðarmanns.
- Á fundinum kom fram tillaga um að einn trúnaðarmannráðsfundur yrði notaður sem málstofa um ýmis mál þar sem kannski yrðu tekin fyrir afmörkuð málefni eða svæði.
- Höskuldur hjá Vinnumálastofnun kom með tillögu um að stofnuð yrði nefnd um Evrópumál og bauð sin fram til að starfa í henni.

Fleira var ekki gert og þakkaði Þórarinn fyrir góðan fund.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:45